

Skipulags- og umhverfisnefnd

Fundur 297, 29.03.2023

Mál númer 10: Þétting byggðar í Fjallabyggð

Lögð fram bókun bæjarráðs frá 14.mars sl. þar sem skipulags- og umhverfisnefnd er falið að útbúa forgangsröðun við deiliskipulagsvinnu svæða sem þegar hafa verið auglýst sem lausar íbúðahúsalóðir til umsóknar á heimasíðu sveitarfélagsins.

Tillaga nefndarinnar.

Hugmyndir nefndarinnar ganga út á að deiliskipuleggja þær lóðir sem þegar hafa auglýstar verið sem tillögur að lóðum inná kortasjá sveitafélagsins. Með því að tæknideild einblíni á lóðir sem tilgreindar eru í forgangi 1 hér neðar í skjalinu, er það von nefndarinnar að vinnan geti gengið hratt og greiðlega fyrir sig, til að tryggja nægt framboð til áframhaldandi uppbyggingar íbúðarhúsnæðis í sveitafélaginu. Þegar sú vinna er komin af stað er hægt að beina sjónum að opnum, óskipulögðum svæðum, sem krefjast meiri hugmyndavinnu og tíma til að verða að fullmótuðum deiliskipulögum. Nefndin óskar eftir að skipulagsmörk verði með þeim hætti að fjöldi nýrra bygginga innan hvers skipulags verði hámarkað.

Tegund húsnæðis sem skipulagt er þarf að falla að núverandi götummynd, en bjóða uppá sveigjanleika til að nýta nútíma byggingarstíl og lausnir. Sömuleiðis er tæknideild frjálst að koma með tillögur að tegund húsnæðis innan lóða, nýtingarhlutfall og byggingarmagn.

Lóðir við eftirfarandi götur á Siglufirði eru taldar henta vel til deiliskipulags:

Forgangur 1:

- a) Suðurgata 67 og til gatnamóta Norðurtúns í suðri
- b) Hverfisgata 20 til 30

Forgangur 2:

- a) Hólavegur 32-34
- b) Hafnargata 30

Lóðir við eftirfarandi götur á Ólafsfirði eru taldar henta vel til deiliskipulags:

Forgangur 1:

- a) Hlíðarvegur 15-44

Forgangur 2:

- a) Hrannarbyggð 2
- b) Fleiri lóðir við Bakkabyggð/Mararbyggð

f.h. Skipulags- og umhverfisnefndar,

Arnar Þór Stefánsson, formaður